



Sykursýki 1 og skólinn

Fræðsluerindi sunnudaginn 2. nóvember 2014

Aðalfundur Dropans - samtök barna með sykursýki

Lög og reglugerðir

Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla:

2. gr.

Skilgreiningar.

- *Nemendur með sérþarfir* teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur **með heilsutengdar sérþarfir**.

6. gr.

Ábyrgð skólastjóra grunnskóla.

- Skólastjóri skal hlutast til um að metið sé hvort í skólanum séu nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi í námi að halda. Jafnframt **ber skólastjóri ábyrgð á því að brugðist verði við skjótt í samræmi við metnar sérþarfir** og einnig stöðu nemenda að öðru leyti eftir því sem tilfni gefst til.

Lög og reglugerðir

Lög um grunnskóla:

2. gr. Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og **öryggi nemenda**.

40. gr. *Skipulag og framkvæmd sérfræðipjónustu.*
Sveitarfélög sem reka grunnskóla skulu hafa frumkvæði að samstarfi sérfræðipjónustu, félagspjónustu, barnaverndaryfirvalda og heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins vegna nemenda með sérþarfir og **langvinn veikindi**.

[Skóli án aðgreiningar](#) og sérstakur stuðningur við nemendur í grunnskólum (Stefna skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar).

Leikskóli – fyrstu skrefin



- Einn ábyrgðaraðili innan skólans og varamenn.
- Fræðsla til starfsfólks (Sykursýkisteymið).
- Foreldrar annarra barna þurfa upplýsingar (tölvupóstur).
- Foreldrar koma með **Skólakassa** í skólann.
- Foreldrar gera áætlun í samráði við ábyrgðarmann.
- Starfsfólk þarf fræðslu um mataræði (kolvetni/prótein).

Leikskólabörn – stuðningsaðili sem sér um eftirfylgd (mælingar o.fl.).

Grunnskóli – fyrstu skrefin



- Hjúkrunarfræðingur skólans í lykilhlutverki og varamaður.
- Foreldrar gera áætlun í samráði við ábyrgðarmann.
- Fræðsla til starfsfólks skóla (Sykursýkisteymið).
- Upplýsingar til foreldra annarra barna (tölvupóstur).
- Foreldrar koma með **Skólakassa** í skólann (sund, leikfimi).
- Starfsfólk þarf fræðslu um mataræði (kolvetni/prótein).

Grunnskólabörn – stuðningsaðili fyrir yngstu börnin sem aðstoðar við mælingar og skráningar.

Leik- og grunnskóli

MIKILVÆGT

Hvenær þarf sérstakan stuðning


- Á öðruvísi dögum (skóladagatal).
- Árstíðasveiflur og breyting á skipulagi t.d. útivist, ferðalög, þemadagar.
- Aldur – getur barnið sagt frá því hvernig því líður!
- Svefn o.fl. – samskiptabók.

Uppbrot í skólanum
eða öðruvísi dagar
þá þarf barn með
sykursýki 1 fylgd
allan daginn!

Skólakassi

Gott að hafa mynd af barninu á boxinu

Neyðarsprautan



Leik- og grunnskóli

- haustverkin

- Foreldrar hafa samband við hjúkrunarfræðing / ábyrgðarmann á hverju hausti.
- Foreldrar athuga hvort nýir starfsmenn koma að barninu.
- Foreldrar óska eftir fræðslu til starfsfólks skóla (örfundur og/eða tölvupóstur).
- Foreldrar endurnýja **Skólakassa** (íþróttir, sund).
- Gott er að hafa sérstaklega símasamband við íþróttá- og sundkennara barnsins.

Framhaldsskóli

Í upphafi


- Foreldrar hafa samband við tengilið innan skólans hjúkrunarfræðingur/námsráðgjafi /umsjónarkennari.
- Fræðsla til starfsfólks í tölvupósti – samvinna við tengilið.
- Skóli setur upplýsingar inn á **Innu**/tölvukerfi skólans.
- Foreldrar koma með *Skólakassa í skólann* (fyrstu 2 árin).

Á haustin eða við upphaf nýrrar annar


- Foreldrar hafa samband við tengilið og koma upplýsingum til allra kennara.

Fræðsla og stuðningur

- Sykursýkisteymið – foreldrar óska eftir því inn í skólann.
- Námskeið Barnaspítalans **NÝTT**.
- Þjónustumiðstöðvar í Reykjavík/Skólaskrifstofur – hægt að óska eftir ráðgjöf við skólaskilin (frá leikskóla yfir í grunnskóla) og almennt varðandi þjónustu við börn með sykursýki 1 innan skólakerfisins.



Dropinn á facebook
Dropinn styrktarfélag barna með sykursýki



Dropinn – styrktarfélag barna með sykursýki
dropinn.is

YouTube

sykursýki

Filters About 141 results

Almennt um sykursýki tegund 1
by Ragnar Bjarnason · 1 year ago · 1,495 views
Sykursýki 1 er einn algengasti langvinni sjúkdómurinn hjá unglíngum og börnum. Sjúkdómurinn lýsir sér þannig að brisla getur ...
2:44

Sykursýki - tegund 1
by Ragnar Bjarnason
Almennt um sykursýki tegund 1 2:44
Bólus Wizard - forrit í insulínidælum fyrir þá sem hafa sykursýki tegund 1 2:36
View full playlist (13 videos)

Göngudeild - fyrir börn og unglínga með sykursýki tegund 1
by Ragnar Bjarnason · 1 year ago · 500 views
Göngudeild Barnaspítala Hringins fylgist með börnum og unglíngum sem greinst hafa með sykursýki tegund 1. Þar eru ...
2:59

/Elupest - þegar þú ert með sykursýki tegund 1
by Ragnar Bjarnason · 1 year ago · 464 views
Þegar fólk með sykursýki litur út fyrir að vera óglátt, þá þarf að mæla blóðsykur og ketónaetrun í þvagi. Ef blóðsykur er mjög háur ...
2:24

Haustin!
Foreldrar hafi samband við skólann
og minni á að upplýsingar fari til
kennara – alltaf einhverjir nýir!
Endurnýja Skólakassann á hverju hausti.

Myndbönd á Youtube (sykursýki 1)

Ágætt að senda póst á skólann
og senda tengil inn á myndböndin.